1984 nr. 97 28. maí
Lög um bókasafnsfræðinga

Tóku gildi 13. júní 1984. *Breytt með* l. 21/2001 (tóku gildi 16. maí 2001), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

□ Rétt til að kalla sig [bókasafns- og upplýsingafræðing][1] og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem til þess hefur leyfi [ráðherra].[2]

[1] *L. 21/2001, 1. gr.* [2] *L. 126/2011, 104. gr.*

■ **2. gr.**

□ Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita:

1. [þeim sem lokið hafa BA-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein er jafngildir a.m.k. 60 námseiningum];[1]

2. þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og a.m.k. 60 einingar í [bókasafns- og upplýsingafræði][1] við Háskóla Íslands;

3. þeim sem lokið hafa hliðstæðu prófi erlendis sé námið viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað;

4. [þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafns- og upplýsingafræði til viðbótar, þ.e. MA, MLS eða sambærilega háskólagráðu].[1]

□ [Áður en leyfi er veitt skv. 3. og 4. lið skal leita umsagnar Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræða, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og bókasafns- og upplýsingafræðiskorar við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.][1]

[1] *L. 21/2001, 2. gr.*

■ **3. gr.**

□ [Bókasafns- og upplýsingafræðingi][1] ber að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um bókasöfn sem í gildi eru á hverjum tíma.

[1] *L. 21/2001, 3. gr.*

■ **4. gr.**

□ Brot á lögum þessum varða sektum. . . .[1]

[1] *L. 88/2008, 233. gr.*

■ **5. gr.**

□ [Ráðherra][1] getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

[1] *L. 126/2011, 104. gr.*

■ **6. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

ELDRI ÚTGÁFA